

Föstudaginn 1. mars 1991.

Nr. 394/1990. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Einari Einarssyni.

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu, og er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd“.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds.

Samkvæmt 3. gr. auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987 var á þeim tíma, sem hér um ræðir, heimilaður hámarks-hraði 60 km miðað við klukkustund á Hafnarfjarðarvegi, þar sem mældur var ökuhraði bifreiðar ákærða. Auglýsing þessi átti stoð í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 3. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 16. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 99/1990: Ákærvaldið gegn Einari Einarssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali rikissaksóknara, dagsettu 30. mars 1989, á hendur Einari Einarssyni, Flúðaseli 40, Reykjavík, fæddum 28. apríl 1955 í Reykjavík, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 1988 bifreiðinni R-5193 suður Hafnarfjarðarveg í Garðakaupstað með allt að 104 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla í Engidal.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 1988 um kl. 3.30 ók ákærði bifreiðinni R-5193 suður Hafnarfjarðarveg. Á vegarkafla í Engidal í Garðakaupstað mældu lögreglumenn í lögreglubifreiðinni G-10005, sem ekið var úr gagnstæðri átt, hraða bifreiðarinnar með ratsjá í lögreglubifreiðinni. Reyndist hraði bifreiðarinnar R-5193 samkvæmt ratsjarmælingunni 104 km m.v. klst. Lögreglumennirnir stöðvuðu síðan akstur ákærða á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Á Hafnarfjarðarvegi, þar sem mæling fór fram, er heimilaður hámarkshraði 60 km m.v. klukkustund.

Hinn 14. febrúar 1989 var ákærða í sakadómi Reykjavíkur boðið að ljúka málinu með dómsátt, en því hafnaði hann.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 1988 hefði hann ekið bifreiðinni R-5193 suður Hafnarfjarðarveg í Garðakaupstað. Hefði hraði bifreiðarinnar verið einhvers staðar á bilinu 60 - 80 km m.v. klukkustund. Töluverð umferð hefði verið um veginn í báðar áttir á þeim stað, sem lögreglan var við hraðamælingar, og í því sambandi mætti geta þess, að skömmu áður en lögreglan stöðvaði akstur hans, hefði bifreið verið ekið fram úr bifreið hans, svo að hraðamæling lögreglunnar hefði vel getað átt við þá bifreið.

Ákærði sagði, að í bifreiðinni hefði verið farþegi, sem hann hefði verið að aka frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Eftir að lögreglumennirnir höfðu rætt við hann, hefði hann fengið að halda áfram ferð sinni til Hafnarfjarðar. Hefði hann þá sagt farþeganum, að hann væri kærður fyrir að hafa ekið með 104 km hraða m.v. klukkustund. Hefði farþeginn þá sagt, að það gæti ekki staðist, að hraðinn hefði verið svo mikill.

Ákærði kvað lögregluna hafa stöðvað aksturinn á Reykjavíkurvegi skammt sunnan gatnamóta Hjallabrautar. Hefði hann ekki orðið var við lögreglubifreiðina fyrr en skömmu áður en hann stöðvaði (sic). Kvaðst

hann ekki muna, hvort honum var sýnd sú tala á skjá ratsjártækisins, sem hann var kærður fyrir. Hefði hann í viðræðum við lögreglumennina þrívégis mótmælt hinum kærða hraða.

Theódór Kristjánsson var einn þriggja lögreglumanna, sem voru í lögreglubifreiðinni G-10005 greint sinn. Hann hefur komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Vitnið kvaðst ekki muna sérstaklega eftir málinu. Hann kvaðst þó geta sagt, að skýrsla sú, sem hann gerði um málið, væri gefin eftir bestu vitund og samvisku. Ef vafaatriði komi upp í málum af þessu tagi, sé kærur sleppt. Vitnið kvaðst álita, að hann hefði setið í aftursæti lögreglubifreiðarinnar. Vitnið kvaðst muna, að með honum í þessu máli hefðu verið Gylfi Sigurðsson og Guðmundur A. Jónsson lögreglumenn. Þá kvaðst vitnið muna, að lögreglubifreiðinni var ekið í gagnstæða átt við bifreiðina, sem mæld var, og í framhaldi af mælingunni hefði lögreglubifreiðinni verið snúið við og bifreið ákærða veitt eftirför, en ekki gat hann fullyrt, hvar bifreiðin var stöðvuð, öðruvísi en þannig, að það hefði verið á Reykjavíkurveginum. Ratsjarmælingin hefði hins vegar átt sér stað í Engidal.

Aðspurt kvað vitnið, að væntanlega hefði lögreglubifreiðin verið norðan við fyrirtækið Rafgeymasöluna og að bifreiðin, sem mæld var, hefði væntanlega verið norðan gatnamóta Álftanesvegur og Hafnarfjarðarvegur.

Vitnið kvað þá reglu viðhafða við ratsjarmælingar, að ef aðrar bifreiðar væru í námunda, svo að einhver vafi gæti leikið á, við hvaða bifreið mælingin ætti, þá væri henni sleppt.

Vitnið Gylfi Sigurðsson lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Framburður hans var í öllum aðalatriðum á sama hátt og við lögreglurannsókn málsins. Hann kvað ratsjártækið hafa sýnt töluna 104 og verið stöðvað í þeirri stöðu. Lögreglubifreiðinni hefði verið snúið við á gatnamótum Reykjavíkurvegar og Álftanesvegur og bifreiðinni R-5193 síðan veitt eftirför og akstur hennar stöðvaður á Reykjavíkurvegi, áður en komið var að gatnamótum Hjallabrautar. Lögreglubifreiðin hefði verið sunnan gatnamóta Reykjavíkurvegar og Álftanesvegur, þegar mæling fór fram, en bifreiðin, sem ákærði ók, norðan þeirra, nánar tiltekið nokkru fyrir sunnan götuna Borgarás í Garðabæ.

Vitnið kvað stöðvunarmerki ekki hafa verið gefið fyrr en rétt eftir, að bifreiðarnar höfðu mæst, en það hefði nánast verið á fyrrnefndum gatnamótum. Kvaðst vitnið hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar greint sinn. Hann kvaðst hafa verið búinn að ljúka námskeiði í meðferð ratsjártækja, þegar atburðurinn átti sér stað.

Vitnið kvaðst ekki vera visst um, hvort það var Theódór eða Guðmundur A. Jónsson, sem sat í framsæti lögreglubifreiðarinnar, en sá lögreglumaður, sem þar sitji, stjórnir ratsjártækinu. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort ratsjár-

tækið var í gangi umrætt sinn eða hvort „skotið“ hefði verið á bifreiðina, en vinnuregla sé sú að „skjóta“.

Vitnið kvað lögreglubifreiðina hafa verið komna norður fyrir gatnamót Dalshrauns og Reykjavíkurveggar á móts við bílasölu, sem þar er á hægri hönd, þegar mæling fór fram.

Vitnið kvaðst vera þess fullvisst, að mælingin, sem gerð var, hefði átt við bifreið ákærða. Talan hefði, sem fyrr segir, verið læst í tækinu, en eftir að ákærði kom inn í lögreglubifreiðina, hefði honum ekki, að því er vitnið best mundi, sérstaklega verið sýnd talan á skjá ratsjárinnar. Þá sagði vitnið, að það hefði verið umferð um veginn, en þó ekki í næsta nágrenni bifreiðarinnar, þegar mæling fór fram.

Vitnið sagði, að þegar mæling fór fram, hefði lögreglubifreiðin verið á leið niður brekku, og hið sama hefði átt við um bifreið ákærða. Þá kvað vitnið umferðarljósinn á gatnamótum Hafnarfjarðarveggar og Álftanesveggar hafa verið blikandi umrædda nótt.

Vitnið mundi, að ákærði var ekki sáttur við hraðamælinguna, en sagt, að hann væri ekki viss um, hve hratt hann ók.

Vitnið áleit fjarlægð milli bifreiðanna hafa verið 200 - 300 metra, þegar mæling fór fram.

Guðmundur Andrés Jónsson lögreglumaður hefur einnig komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Vitnið skýrði frá málavöxtum í sjálfstæðri frásögn á sama hátt í öllum aðalatriðum og hann gerði við lögreglurannsókn málsins. Með honum í lögreglubifreiðinni hafi verið Gylfi Sigurðsson, sem hafi ekið henni, og Theódór Kristjánsson. Kvaðst vitnið hafa setið við hlið ökumanns og stjórnað ratsjártækinu. Hefði lögreglubifreiðin verið á móts við Rafgeymasöluna við Dalshraun, þegar mæling fór fram, en bifreið ákærða verið að koma niður Engidal úr gagnstæðri átt, og þegar mæling var gerð, hefði henni verið ekið niður Hraunsholtshæð. Ekki kvaðst vitnið geta sagt til um, hve mikil fjarlægð var milli bifreiðanna, þegar mæling fór fram. Talan 104 hafi verið læst á skjá ratsjárinnar og ökumanni sýnd sú tala, eftir að hann hafði verið stöðvaður. Kvaðst vitnið ekki muna nákvæmlega, hvar á Reykjavíkurvegi ökumaður var stöðvaður, en ekki væri fjarri lagi að ætla, að það hefði verið nálægt gatnamótum Hjallabrautar. Lögreglubifreiðinni hefði hins vegar verið snúið við til eftirfararinnar á gatnamótum Reykjavíkurveggar og Álftanesveggar.

Vitnið kvaðst ekki muna eftir neinu sérstöku í sambandi við umferð annarra ökutækja, þegar umræddur akstur átti sér stað, en ekki vera í vafa um, að ratsjarmælingin hefði átt við bifreið ákærða. Henni hefði sýnilega verið ekið hratt. Þá hefði ratsjártækið verið prófað bæði fyrir og eftir mælingu og reynst í fullkomnu lagi. Hefði hann á þessum tíma verið búinn að ljúka námskeiði í meðferð ratsjártækja.

Vitnið kvaðst ekki muna, hvort ratsjargeislinn hefði verið stöðugt á eða hvort „skotið“ hefði verið á bifreiðina.

Loks kvað vitnið lögreglubifreiðina hafa verið á leið niður brekku, þegar mæling fór fram, og hið sama ætti við um bifreið ákærða.

Dómarinn hefur gengið á vettvang og kannað aðstæður.

Niðurstaða.

Eins og nú hefur verið rakið, ber allmikið í milli í framburði ákærða annars vegar og lögreglumannanna hins vegar um hraða bifreiðarinnar R-5193, er henni var ekið suður Hafnarfjarðarveg í Engidal aðfaranótt 7. ágúst 1988. Raunar hefur ákærði ekki tilgreint hraða bifreiðarinnar nákvæmar en svo, að hann hafi verið 60 - 80 km m.v. klukkustund.

Þegar lagt er mat á framburð lögreglumannanna, má segja, að þar skipti í tvö horn. Annars vegar er framburður Theódórs Kristjánssonar, en hins vegar Gylfa Sigurðssonar og Guðmundar A. Jónssonar. Hvorki við lögreglurannsókn málsins né fyrir dómi gat Theódór greint frá málavöxtum í sjálfstæðri frásögn að neinu marki. Verður framburður hans af þeim sökum ekki lagður til grundvallar. Hinir tveir lögreglumennirnir greindu hins vegar frá málavöxtum í sjálfstæðri frásögn á sama hátt í öllum aðalatriðum og þeir gerðu við lögreglurannsókn málsins. Er framburður þeirra í veigamiklum atriðum samhljóða og ekkert það fram komið í málinu, sem veikir hann. Verður því að leggja hann til grundvallar í málinu.

Í hæstaréttardómi 1988, bls. 779, er reifuð skýrsla um úttekt ratsjártækja þeirra, sem lögreglan notar við hraðamælingar. Þar kemur m.a. fram, að frávik geti orðið í mælingu eftir því, hvort lögreglubifreið sé í kyrrstöðu eða á ferð, þegar mæling fer fram. Þannig sé frávik í síðara tilvikinu ± 2 km/ klst. Svo sem fyrr er að vikið, var lögreglubifreiðinni ekið á móti bifreið ákærða, er mæling fór fram. Rétt þykir að meta þetta atriði ákærða í hag, sbr. 108. gr. laga nr. 74, 1974.

Með vísan til alls framanritaðs telst nægilega sannað með framburði vitnanna Gylfa Sigurðssonar og Guðmundar A. Jónssonar þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, þó þannig, að hraði bifreiðarinnar R-5193 verður ekki talinn hafa verið meiri en 102 km/klst. Varðar brot ákærða við 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

1981 28/9 Sakadómur Rvík. Nr. 2260. Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 2.6. 81.

1982 22/9 Sakadómur Rvík. Nr. 2410. Sátt: 13.000 kr. sekt f. brot g. tollal. og 33. og 34. gr. áfl.

1988 22/11 Sakadómur Rvík. Nr. 2814. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 36. og 37. gr. umfl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga þykir hún hæfilega ákveðin 10.000 kr. sekt til ríkissjóðs. Ákveðst vararefsing sektarinnar 4 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði verði sviptur ökuréttindum. Þótt því hafi í dóminum verið slegið föstu, að hann hafi ekið með allt að 42 km hraða m.v. klukkustund yfir leyfilegum hámarkshraða, þykja ekki alveg nægar ástæður fram komnar til að beita ökuleyfissviptingu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Sveins Skúlasonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 30.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Einarsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Kröfu ákæruvaldsins um, að ákærði skuli sviptur ökuréttindum, er hafnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Sveins Skúlasonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.